

Ritstjóri:  
HJÓRTUR HJARTARSON  
cand. juris.  
SÍMI 400.

# VÍSIR

Skrifstofa og  
afgreiðsla í  
Hótel Ísland.  
SÍMI 400.

5. árg.

Miðvikudaginn 7. apríl 1915.

117. tbl.

Drekkið Sanitas' ljúffenga sítron og kampavín. Sími 196.

GAMLA BIO

ZIGO

Ástarsjónleikur í 3 þáttum, um

Ást og dáleiðslu.

Aðalhlutverkið leikur:

Emilie Sannom.

## Boðsgestir

konungs í Kaupm.höfn.  
NI.

Þann 23. gengu þeir félagar fyrst fyrir kóng og kvöddu hann. Voru þar ekki aðrir viðstaddir, en Krieger kammerherra og ekkert að hafst, annað en það, að konungur bauð þá velkomna, en G. H. hafði orð fyrir þeim og þakkaði. En á eftir hafði G. H. óskað viðtals við Zahle forsætisráðherra og hitti hann, og var E. Brandes fjármálaráðherra þar og viðstaddur. Eitthvað hafði Pólitiken glerað af því samtali og hafði eftir G. H. að hann hefði að eins verið að óska góðs samkomulags. Sér virðist Danir oss velviljadir. En ekki hafi hann getað komið fram með ákveðnar tillögur, þeins og sér hafi virst Brandes hafa búist við. Hann hafi farið í flaustri að heiman og verið sjóveikur á leiðinni. Félagar sínir séu báðir lögfræðingar og hugsí meira um þessi tvö akveðnu mál, en hann líti á það sem á bak við liggja og haldi að meira verði að hugsa um lunderni fólksins en lögin, til þess að finna lausnina. Hann hafi tekið saman ræðu, sem hugsast gæti að hann héldi fyrir ríkisþingmönnum, og væri hann þar að reyna að hjálpa mönnum til skilnings á skapferli íslensku þjóðarinnar. — Í sama bláinu eru myndir af þeim öllum þrem og farið um þá sámilegum orðum.

Þenna sama dag skoðuðu þeir „Gullfoss“, en daginn eftir voru þeir kvaddir til konungs. Tölðu þeir við hann í klukkutíma og gerðu grein fyrir skoðunum sínum, en ekkert af því var birt, sem þar fór fram. Þó var haldið að vænlega horfði um sam-

komulag. — Að kvöldi þess 26. mars hélt svo Zahle þeim veislu á Hotel Fönix. Þar var fjótmenni og flest stórmenni, ráðherrar margir o. s. frv. Af Íslendingum voru þar og Finnur Jónsson, þorv. Thoroddsen, Valtýr Guðmundsson og skáldin, Jóhann Sigurjónsson; Kamban og Gunnar Gunnarsson. Hélt Zahle þar mjög vinsamlega ræðu, og kvaðst muna gestrisni Íslendinga 1907. Benti hann á það, hve samhuga Danir gangi nú að grundvallarlagabreytingunni, og kvað það mundi gleðja alla, ef hægt yrði einnig að semja um sómasamlega lausn á stjórnarskrármálinu íslenska.

Eru þetta síðustu fregnir, sem Visir hefir enn séð af för þeirra þrimeninganna.

## Símfrétt.

Blöndósi í gær kl. 8 e. h.

Í gær lést eftir fárra daga legu úr lungnabólgu Jakob Guðmundsson bóndi í Hnausum í Þingi í Húnavatnssýslu. Hann var sonur Guðmóndar bónda í Holti í Svínadal og var albróðir Magnúsar sýslumanns Skagfirðinga en bróðursonur síra Jakobs frá Stafholti.

Jakob sál. var kvæntur Jakobínu Þorsteinsdóttur frá Grund í Svínadal. Ungur efnismaður.

## BÆJARFRETIR

Afmæli í dag:

Guðríður Jósefsdóttir, húsrú.  
Sigríður Sigurðardóttir, húsrú.  
Sigr. M. K. Sigurðardóttir, húsrú.  
Sofie O. Vittrup, húsrú.  
Wilhelmina Gíslason, húsrú.  
Eyjólfur Eiríksson, veggfóðrari.  
Sigurður Þórðarson, trésmíður.  
Jón Pálmar Sigurðsson verk.

Afmæliskort fást hjá Helga Arnasyni í Safnahúsinu.

Veðrið í dag:

Vm. loftv.	722 a. gola h.	3,2
Rv. “	727 a. hv.v. “	1,7
Íf. “	736 n. hv.v. “	— 3,5
Ak. “	729 nna.gola“	1,0
Gr. “	“	“
Sf. “	726 na. kul “	1,3
Ph. “	727 ssa. hv.v.“	3,8

Nýja Bíó

## Í bjarma blossomvitans

eða  
**Bræðurnir.**

Stórfenglegur sjónleikur frá sjó og landi í 6 þáttum, leikinn af þekktum dönskum leikurum; meðal annara má nefna: CAJUS BRUUN, FRÚ AGNETE BLOM, FR. BUCH.

Þetta er ein af þeim stórfenglegu myndum, sem Nordisk Film & Co. hefir sent á markaðinn nú á seinni árum, og sem svo mjög hafa hrifið áhorfendurna. Það mun flestum ógleymanleg sjón, sem fyrir augun ber í þessari mynd, um borð í skonnortunni »Harland«, úti á regin hafi, þar sem dauðinn og lífið heyja sitt harða stríð. Leikurinn fer einnig fram á greifa setri og eynni Peele.

Aðgöngumiða má panta í síma 344 og 107, og kosta tölus. sæti: 0,60, 0,50, 0,40 og 0,10 fyrir börn.

MYNDIN STENDUR YFIR 1½ KLST. FULLKOMLEGA!

## Simskeyti

frá

Central News.

London 6. apríl 1915.

**París:** Frakkar hafa náð þrem samstæðum röðum af skotgryfjum í Ailly-skógi suðaustan við St. Mihiel og einnig unnið á að norðaustan við Regnieville. Að norðvestan hefir heyrst, að breska loftárásin á Hoboken þ. 26. mars hafi gereytt tveim kafnökkvum, en skemt hinn þriðja, svo og loftskip og loftskipaskýli. 40 þýskir verkamenn biðu bana.

**Petrograd:** Rússum veitir stöðugt betur í Karpatafjöllum, hafa náð 3,200 manns í viðbót.

»Sterling«

kom til Vestmanneyja í gær.

Kona skar sig

á háls í gær, Steinunn að nafni, á Klapparstíg 7 hér í bænum. Hún hafði gengið fram hjá tveim mönnum, sem staddir voru í kjallara hússins, inn í klefa nokkurn, og heyrðu þeir þaðan láta eitthvað undarlega í henni. — Hún kvað hafa verið þjáð af möðursýki.

Ritstjóri Vísis,

Hjörtur Hjartarson cand. juris, hefir legið veikur af influensu síðan á páskadag.

»Skarphéðinn«,

kúttur P. J. Thorsteinsson, kom inn í fyrrad. með 5 þúsund af fiski.

Trúlofuð

Ólöf Hafliðadóttir og Axel Thorsteinsson Stgr. Th. skálds.

Leikfélag Reykjavíkur

Ímyndunarveikin.

eftir J. B. P. Moliere,

ALÞÝÐUSÝNING

í dag (7. apríl) kl. 8½.

Aðgöngumiðar seldir í lönó í dag eftir kl. 10.

Betri sæti 0.65.

Almenn sæti 0.50.

Standandi 0.40.

Barna sæti 0.25.

Ólafur Teitsson

skipstjóri fór utan með »Ceres« til að sækja mótorkúttur fyrir Hnífsdælinga, er Ólafur væntanlegur heim í maíbyrjun.

Kaupið öl frá Ólgerðinni Egill Skallagrímsson. Sími 396.